141 á brúarefni því, sem á að flytja upp að brúarstœðinu í haust og á vetri komanda, og við annað, er brúargjörðina snertir.

Fleiri mál komu eigi til umrœðu á þessum fundi.

Akureyri, 12. dag oktbrm. 1881.

J. Havsteen,
settur.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

142 13. sept. — **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um eitrað fataefni.** — Frá amtmanninum yfir norður- og austurumdœminu meðtók ráðgjafinn sýnishorn af 4 ströngum af tvennskonar fataefni, sem komið höfðu til Seyðisfjarðar með skonnortunni «Merkúr» og skipstjóra Wathne og voru kyrrsettir þar af sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, og hafði Wathne skipstjóri játað fyrir honum, að strangarnir hefðu verið sjer afhentir til sölu af Tobiesen kaupmanni í Mandal. Síðan voru sýnishorn þessi rannsökuð í hinni efnafrœðislegu verksmiðju V. Steins, og kom frá honum skýrsla um það, að báðar tegundirnar hefðu inni að halda eitur (arsenik), og er það talsvert í annari, en mjög lítið í hinni tegundinni.

Ráðgjafinn hefir svo í dag skrifað utanríkisstjórninni og mælzt til þess, að hún gerði hlutaðeigandi norskum yfirvöldum kunnar tiltekjur nefnds kaupmanns Tobiesens og Wathnes skipstjóra með tilliti til þess, að þeir ætluðu að selja vörur þessar á Íslandi, og einnig skotið því til hinna norsku yfirvalda að sjá um, að mál þetta yrði rannsakað, og fyrgreindir menn dregnir til ábyrgðar.

Um leið og yður, herra landshöfðingi, er skýrt frá þessu í sambandi við brjef hjeðan frá 1. júlí þ. á. og svo að þjer birtið það amtmanninum yfir norður- og austurumdœminu, er þjónustusamlega skorað á yður þóknanlega að annast um, að fataefni það, sem hjer er um að rœða, verði fyrst um sinn í geymslu valdstjórnarinnar.

143 29. sept. — **Brjef yfirstjórnar póst- og telegraphmálanna** *til landshöfðingja* **um sendingu póstböggla til utanríkislanda.** — Eptir að pósthúsin í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi og Seyðisfirði hafa samkvæmt brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. apríl þ. á. til ráðgjafans fyrir Ísland, er hingað hefir verið sent, verið tekin í tölu þeirra pósthúsa, er geta tekið þátt í póstflutningi böggla þeirra, er rœðir um í samþykktinni frá 3. nóvbr. 1880, skal yfirstjórnin jafnframt því að senda nokkur exempl. af «Officielle Meddelelser» nr. 27—1881 með tilheyrandi fylgiskjölum um framkvæmd nefndrar samþykktar, svo og 2 sjerstaka samninga, er gjörðir hafa verið við Svíþjóð og Noreg, leiða athygli yðar að ákvörðunum þeim, sem þar (í V. kafla) eru um sendingu póstböggla milli Íslands og landa þeirra, er tekið hafa þátt í Parísarsamþykktinni. Samkvæmt þessu ber fyrir böggla án tiltekinnar verðupphæðar allt að 6 pundum að þyngd og sem fullnœgja fyrirmælum Parísarsamþykktarinnar, að því er ummál þeirra snertir, og sendir eru frá Íslandi til landa þeirra, að undantekinni Svíþjóð og Noregi er tekið hafa þátt í optnefndri samþykkt, að greiða burðareyrisupphæðir þær, sem getur um í burðargjaldsskránni fyrir 10 punda böggla frá Danmörku til útlanda; af þessum burðareyri hlýtur hin íslenzka póststjórn hluta þann, sem Danmörku er ákveðinn, en utanríkis-